

Mánudaginn 18. desember 1944.

Nr. 109/1944. **Jón Jóhannesson**

gegn

Aage Schiöth.

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Með því að skýrslur stefnda í máli þessu og skýrslur Garðars hæstaréttarlögmanns Þorsteinssonar eru mjög svo andstæðar hverrar öðrum, en úrslit málsins kunna hins vegar að velta á þeim að meira leyti eða minna, þá þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómarann að veita stefnda kost á að gefa aðiljaskýrslu fyrir dómi og að taka skýrslu fyrir dómi af hæstaréttarlögmanni Garðari Þorsteinssyni um skipti þeirra, þau er í máli þessu greinir, sbr. 142. gr. laga nr. 19/1940, ef annarhvor aðilja óskar þess, áður en dómur verður kveðinn upp í máli þessu.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að veita stefnda, Aage Schiöth, kost á að gefa aðiljaskýrslu fyrir dómi og að taka skýrslu fyrir dómi af Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni um skipti þeirra, þau er mál þetta varða, ef annarhvor aðilja óskar þess.

Mánudaginn 18. desember 1944.

Nr. 111/1942. **Finnur Jónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Þrotabúi Hávarðs h/f. (Gunnar Þorsteinsson).

Máli vísað frá hæstarétti sökum galla á áfrýjun þess.

Dómur hæstaréttar.

Torfi Hjartarson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Fyrir skiptaréttinum andmælti umboðsmaður útibús Landsbankans á Ísafirði kröfum áfrýjanda í máli þessu, og flutti téður umboðsmaður og áfrýjandi fram sókn og vörn um kröfurnar, áður hinn áfrýjaði úrskurður var upp sagður, sbr. 40. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Þegar áfrýjandi skaut máli þessu til hæstaréttar, bar honum því samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1895 að stefna fyrir hæstarétt auk skiptaránda fyrirvarsmönnum greinds bankaútibús. Þar sem áfrýjandi hefur ekki stefnt fyrirvarsmönnum þessum fyrir hæstarétt, verður að vísa máli þessu ex officio frá hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 20. júlí 1942.

Hinn 11. október 1938 var bú h/f Hávarðar á Ísafirði tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt beiðni félagsins.

Með kröfulýsingu dags. 15. okt. 1938 lýsti Jón Grímsson, kaupmaður á Ísafirði, f. h. Finns Jónssonar, forstjóra og alþingismanns á Ísafirði, er verið hafði framkvæmdarstjóri h/f Hávarðar, kröfu í búið að upphæð kr. 5731.04, auk innheimtulauna að upphæð kr. 371.93, eða samtals kr. 6102.97. Er þess krafizt í kröfulýsingunni, að krafa þessi verði tekin til greina sem forgangskrafa, þar sem hún sé vegna húsaleigu og vinnulauna.

Á skiptafundi í búinu 14. okt. 1938 var kröfu þessari í heild mótmælt sem forgangskröfu og kr. 3600.00 af kröfunni og innheimtulaunum, kr. 371.93, einnig mótmælt sem lögmatrí almennri kröfu í búið, hvort tveggja af hálfu útibús Landsbankans á Ísafirði, sem var aðallánveitandi h/f Hávarðar.

Sáttaumleitanir um ágreining þenna hafa reynzt árangurslausar, og hafa aðiljar lagt ágreininginn undir úrskurð skiptaréttarins.

Vegna dráttar, er varð á endurskoðun reikninga h/f Hávarðar hjá löggiltum endurskoðanda og þar af leiðandi einnig á rannsókn lögregluréttarins út af gjaldþrotinu, varð langt hlé á meðferð ágreiningsmáls þessa fyrir skiptaréttinum. Var öflun gagna lokið 8. f. m., málið þá tekið til skriflegs flutnings samkvæmt samkomulagi aðilja og tekið til úrskurðar 29. f. m.

Um réttarkröfur aðilja er þetta að segja:

Í fyrrnefndri kröfulýsingu er þess krafizt af hálfu Finns Jónssonar, að krafan verði öll tekin til greina sem forgangskrafa og hún sundurliðuð þannig:

Húsaleiga: Eftirstöðvar til 10. okt. 1938	kr. 655.18
Húsaleiga vegna uppsagnarfrests	— 300.00
Innheimtulaun af þessum upphæðum	— 95.51
Vinnulaun: Eftirstöðvar til 10. okt. 1938	— 3275.86
Vinnulaun vegna uppsagnarfrests	— 1500.00
Innheimtulaun af þessum upphæðum	— 276.42
	<hr/>
Samtals	kr. 6102.97

Í greinargerð, lagðri fram í skiptaréttinum 17. nóv. 1938, er gerð sú varakrafa af hálfu Finns Jónssonar, að krafan verði tekin til greina í búið þannig:

1. Sem forgangskrafa:

a. Húsaleiga samkvæmt kröfulýsingunni, kr. 100.00 á mánuði, alls	kr. 955.18
b. Kaupeftirstöðvar, kr. 450.00 á mánuði, alls ..	— 4298.28
c. Innheimtulaun hér af	— 357.60
	<hr/>
Samtals	kr. 5611.06

2. Sem almenn krafa:

a. Fyrir hita, ljós og ræstingu, kr. 50.00 á mánuði, alls	kr. 477.58
b. Innheimtulaun, hér af	— 47.75
	<hr/>
Samtals	kr. 525.33

Í framhaldsgreinargerð, lagðri fram í skiptaréttinum 17. des. 1938, er þess síðan krafizt af umboðsmanni Finns Jónssonar, að honum verði úrskurðuð málflytningslaun samkvæmt lágmarksgjaldskrá M. F. Í. kr. 506.00 í stað innheimtulaunanna, og þess krafizt aðallega, að útibúi Landsbankans verði gert að greiða málskostnaðinn, en til vara, að þrotabúinu verði gert að greiða hann. Þá gerir hann og þá varakröfu um málskostnaðinn, að hann verði úrskurðaður honum á sama hátt í samræmi við varakröfu hans í málinu.

Af hálfu útibús Landsbankans eru hins vegar gerðar þær réttarkröfur, að krafan verði að engu leyti tekin til greina sem forgangskrafa og að hún verði ekki tekin til greina sem almenn krafa með hærri upphæð en kr. 2131.04. Þá er þess og krafizt af málflytningsmanni útibúsins, að honum verði úrskurðuð málflytningslaun samkvæmt lágmarksgjaldskrá M. F. Í kr. 600.00.

Í málinu er upplýst, að Finnur Jónsson var á fundi stjórnar h/f Hávarðar 6. febr. 1936 ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins til eins árs með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Var jafnframt svo um samið, að „framkvæmdastjóri annist eða láti annast auk framkvæmdarstjórnar allt skrifstofuhald h/f Hávarðar, leggi til skrifstofuáhöld og innanbæjarsíma félaginu að kostnaðarlausu og fái í laun á mánuði kr. 600.00.“

Á árinu 1937 var Finni Jónssyni sagt upp starfi hans fyrir félagið frá 1. jan. 1938 að telja. Á fundi stjórnar félagsins 5. apríl 1938 var hann aftur ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins með sömu kjörum og áður, og gegndi hann eða lét gegna því starfi úr því, þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 11. okt. sama ár.

Því er haldið fram í málinu af hálfu Finns Jónssonar og það staðfest með vottorði 2ja manna úr stjórn h/f Hávarðar, að á tímabilinu frá 1. jan. til 31. marz 1938 hafi Finnur Jónsson og í fjarveru hans starfsmaður hans og staðgengill haft með höndum reikningsuppgjör fyrir félagið, umsjón með eignum þess og starf við að koma botnvörpuskipti félagsins aftur út á veiðar. Hafa fyrrnefndir stjórnarnefndarmenn vottað, að gengið hafi verið út frá því sem vísu, þegar ráðningarsamningurinn var framlengdur 5. apríl 1938, að Finnur Jónsson hefði sama kaup fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. marz 1938 og hann hafði áður verið ráðinn fyrir.

Skal þá fyrst tekið til athugunar, að hve miklu leyti taka beri til greina kröfu Finns Jónssonar í búíð, og síðan, hvort eða að hve miklu leyti hún skuli teljast forgangskrafa.

Eins og fyrr segir, er krafa Finns Jónssonar í búíð kr. 5731.04 án innheimtulaunanna. Af upphæð þessari er viðurkennd sem lögmæt krafa kr. 2131.04, en mótmælt sem lögmætri kröfu kr. 3600.00, og kemur því aðeins til álita, hvort taka beri hina síðar nefndu upphæð til greina eða ekki.

Af nefndum kr. 3600.00, er mótmælt hefur verið, eru kr. 1800.00 greiðsla, er Finnur Jónsson hefur reiknað sér fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. marz 1938, og kr. 1800.00 greiðsla, er hann krefst fyrir 3ja mánaða uppsagnarfrest frá 10. okt. 1938 til 10. jan. 1939.

Af hálfu útibús Landsbankans er greiðslunni fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. marz 1938 mótmælt á þeim grundvelli, að eigi verði séð, að Finnur Jónsson hafi verið ráðinn framkvæmdarstjóri félagsins þenna tíma. En með tilvísun til þess, er að framan segir um störf Finns Jónssonar og staðgengils hans fyrir félagið á þessu tímabili og endurráðningu hans 5. apríl 1938, verður að telja nægilega sannað, að Finni Jónssyni hafi borið greiðsla fyrir umrætt tímabil, og ber því að taka þenna hluta kröfunnar til greina í búíð.

Kröfu Finns Jónssonar um greiðslu fyrir uppsagnarfrest er mótmælt af útibúi Landsbankans á þeim grundvelli, að stjórn félagsins hafi verið skylt að gefa félagið upp sem gjaldþrota 1. júlí 1938

eða jafnvel nokkru fyrr. Þá hafi og stjórninni borið, þótt hún gæfi félagið ekki upp sem gjaldþrota, að haga öllum rekstri þess með væntanlegt gjaldþrot fyrir augum og segja öllum starfsmönnum þess upp. Eigi Finnur Jónsson, er verið hafi í stjórn félagsins, ekki að hagnast á því, að þetta hafi verið vanrækt. Auk þess hafi Finnur Jónsson vanrækt störf sín fyrir félagið svo, að heimilt hafi verið að vikja honum úr stöðunni fyrirvaralaust.

Það er að vísu upplýst í málinu, að hagar h/f Hávarðar var orðinn mjög slæmur 1. júlí 1938, en með tilliti til þess, að félagið virðist aldrei beinlínis hafa stöðvað greiðslur sínar, að því hafði um all-langan tíma verið hjálpað af Landsbankanum til að halda útgerð sinni áfram, þótt það vantaði mikið til að eiga fyrir skuldum, og að bankarnir héldu um þetta leyti áfram að lána mörgum togaraútgerðarfélögum fé til áframhaldandi rekstrar, þrátt fyrir mjög bágborinn efnahag þeirra og áframhaldandi töp á útgerð, þykir skylda félagsstjórnarinnar til að gefa félagið upp sem gjaldþrota um 1. júlí 1938 eða til að segja upp starfsmönnum þess þá ekki hafa verið það augljós, að það, að þetta var ekki gert, svipti Finn Jónsson, er eigi hafði verið sagt upp stöðu sinni að nýju, rétti til greiðslu fyrir umsaminn uppsagnarfrest, þó að hann ætti sæti í stjórn félagsins.

Það er að vísu upplýst, að Finnur Jónsson var á árinu 1938 mjög mikið fjarverandi frá störfum sínum fyrir félagið. En þar sem hann lét starfsmann sinn gegna störfum í fjarveru sinni og hafði samkvæmt framangreindri ráðningu sinni mjög rúman rétt til að láta aðra annast störf þau, er félagsstjórnin hafði falið honum, og þar sem eigi hafa verið færðar sönnur á verulegar misfellur í framkvæmd starfanna, verður eigi talið sannað, að félagið hafi öðlast rétt til að vikja honum frá störfum fyrirvaralaust.

Samkvæmt þessu er eigi unnt að taka til greina mótmæli útibús Landsbankans gegn því, að Finni Jónssyni beri réttur til greiðslu fyrir hinn umsamda uppsagnarfrest, og ber að álitu réttarins að taka kröfu Finns um greiðsluna fyrir uppsagnarfrestinn til greina í húið.

Krafa umboðsmanns Finns Jónssonar um innheimtulaun er afturkölluð með kröfu hans um, að honum verði úrskurðaður málskostnaður í máli þessu í stað innheimtulaunanna, og kemur því innheimtulaunakrafan eigi til álita.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka kröfu Finns Jónssonar að upphæð kr. 5731.04 til greina í þrotabúi h/f Hávarður án innheimtulaunanna, og kemur þá til álita, hvort eða að hve miklu leyti bera að viðurkenna forgangsrétt kröfunnar.

Af hálfu Finns Jónssonar er þess, eins og fyrr segir, krafizt að-allega, að krafa hans verði öll tekin til greina sem forgangskrafa í þrotabúi h/f Hávarðar, og til vara, að hún verði tekin til greina

sem forgangskrafa að undanteknum kr. 477.58 fyrir hita, ljós og ræstingu. Eru kröfur þessar byggðar á því, að hér sé um að ræða húsaleigu — og vinnulaunakröfu, er njóti forgangsréttar í búið skv. 83. gr. skiptalaganna, og því haldið fram, að orðin „annarra þjónustumanna“ í 5. lið greinarinnar taki til framkvæmdarstjóra, er ráðnir séu með þeim hætti, sem Finnur Jónsson var ráðinn.

Af hálfu útibús Landsbankans er því hins vegar mótmælt sem fyrr segir, að krafan njóti forgangsréttar skv. 83. gr. skiptalaganna. Er því haldið fram af hálfu útibúsins, að grundvöllur kröfunnar sé verksamningur, en eigi vinnusamningur, og að jafnvel þó að svo yrði álitid, að hér væri um vinnukröfu að ræða, nyti hún ekki forgangsréttar skv. 5. lið 83. gr. skiptalaganna, því undir þenna lið falli ekki kaup framkvæmdastjóra eða annarra, er svipaða stöðu hafa.

Þá er því haldið fram af hálfu útibúsins, að Finnur Jónsson hafi ekkert húsnæði leigt h/f Hávarði, og geti því ekki verið um neina sérstaka húsaleigukröfu að ræða af hans hálfu á hendur þrotabúinu. Auk þess sé skipting kröfunnar í húsaleigukröfu og vinnulaunakröfu af hreinu handahófi gerð.

Í málinu er upplýst og viðurkennt, að Finnur Jónsson hafði afnot af skrifstofu Samvinnufélags Ísfirðinga, sem hann var einnig forstjóri fyrir, vegna skrifstofuhalds síns fyrir h/f Hávarð. Telur hann sig hafa greitt Samvinnufélagi Ísfirðinga kr. 100.00 á mánuði í húsaleigu vegna skrifstofuhaldsins. Tveir menn úr stjórn h/f Hávarðar hafa vottað, að Finnur Jónsson hafi greitt samvinnufélaginu kr. 150.00 á mánuði fyrir afnot af skrifstofu og fleira vegna starfa í þágu h/f Hávarðar, og segjast þeir telja, að af upphæð þessari sé húsaleiga kr. 100.00. Af þessu er ljóst, að Finnur Jónsson hefur ekki leigt h/f Hávarði nokkurt húsnæði með þeim hætti, að hann geti átt sérstaka húsaleigukröfu á hendur þrotabúi félagsins, er njóti lagaverndar skv. 83. gr. skiptalaganna. Er þegar af þessum ástæðum ekki unnt að taka til greina sem forgangskröfu í búið þær kr. 955.18 af kröfu Finns Jónssonar, er hann telur vera húsaleigukröfu.

Það er viðurkennt í málinu, að kr. 477.58 af hinni umdeildu kröfu, eða sem svarar 50.00 kr. fyrir hvern mánuð, sé greiðsla fyrir hita, ljós og ræstingu, og að Finnur Jónsson hafi greitt Samvinnufélagi Ísfirðinga upphæð þessa vegna starfa þeirra, er hann hafði að sér tekið fyrir h/f Hávarð. Getur slík krafa ekki notið lögverndar skv. 83. gr. skiptalaganna, og verður þessi hluti kröfunnar því ekki til greina tekinn sem forgangskrafa í búið.

Kemur þá til álita, hvort sá hluti hinnar umdeildu kröfu, kr. 4298.28, er Finnur Jónsson telur vera vinnulaun sín, njóti lögverndar skv. 5. lið 83. gr. skiptalaganna.

Af því, sem að framan segir um ráðningu Finns Jónssonar, er

ljóst, að því fer mjög fjarri, að með ráðningunni hafi verið gerður hreinn vinnusamningur, sbr. og það, er að framan segir um skiptingu hinnar umdeildu kröfu. Á hinn bóginn verður eigi heldur talið, að ákvæðin um ráðninguna séu í heild hreinn verksamningur.

Að því er snertir sjálfa framkvæmdarstjórnina, er Finni Jónsyni virðist með ráðningarsamningnum falið að annast sjálfum, verður að telja, að um vinnusamning sé að ræða. Þó ber á það að líta, að í framkvæmdinni hefur þetta orðið með nokkuð öðrum hætti að því er snertir það tímabil, sem hin umdeilda krafa stafar frá, því upplýst er og viðurkennt í málinu, að þann tíma var Finnur Jónsson að mestu fjarverandi frá störfum fyrir h/f Hávarð, sumpart vegna opinberra starfa sinna og sumpart vegna veikinda, og að ákveðinn starfsmaður hans annaðist framkvæmdarstjórnina að verulegu leyti á meðan.

Auk þess að Finnur Jónsson var ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Hávarðar, var honum eins og fyrr segir falið að annast eða láta annast allt skrifstofuhald félagsins, þar á meðal að sjálfsögðu allt bókhald þess, og virðist engin áherzla á það lögð við ráðninguna, hvort hann annaðist skrifstofuhaldið sjálfur eða léti aðra annast það. Er á það er litið, að upplýst er, að er Finnur Jónsson var ráðinn framkvæmdarstjóri h/f Hávarðar, var hann einnig forstjóri annars all-stórs útgerðarfélags og átti auk þess umfangsmiklum opinberum störfum að gegna, verður naumast talið, að honum hafi verið ætlað af stjórn h/f Hávarðar að hafa sjálfum á hendi skrifstofuhald og bókhald félagsins. Er og upplýst í málinu, að á því tímabili, er hin umdeilda krafa stafar frá, hafi ákveðinn starfsmaður Finns Jónssonar að mestu eða öllu annazt skrifstofuhaldið og bókhaldið. Verður því að telja, að ákvæði ráðningarinnar um skrifstofuhaldið séu frekar verksamningur en vinnusamningur, og verður greiðslan að því leyti sem hún er fyrir skrifstofuhaldið þegar af þeirri ástæðu eigi talin njóta lögverndar skv. 5. lið 83. gr. skiptalaganna.

Um þann hluta kröfunnar, sem er greiðsla til Finns Jónssonar fyrir framkvæmdarstjórn hans, er það að segja í fyrsta lagi, að þar sem greiðslan fyrir framkvæmdarstjórnina, skrifstofuhaldið og það annað, er honum bar fram að leggja samkvæmt fyrrnefndri ráðningu, er til tekin í einu lagi sem heildargreiðslur, er eigi unnt að greina greiðsluna fyrir framkvæmdarstjórnina sérstaklega frá greiðslunni fyrir hin atriðin, er um ræðir í ráðningunni, þannig að sagt verði með vissu, hve miklu hún nemi, enda er eigi gerð tilraun til þess í málinu, nema að því er snertir greiðsluna fyrir húsnæði, hita, ljós og ræstingu. Í öðru lagi verður að álitu réttarins að telja, að orðin „annarra þjónustumanna“ í 5. lið 83. gr. skiptalaganna taki aðeins til þeirra þjónustu- eða starfsmanna, er hafa að verulegu leyti svipaða aðstöðu til kaupgreiðanda síns og

kaupgreiðslu og hjú, daglaunamenn og aðrir þeir flokkar manna, sem sérstaklega eru taldir upp í greinarliðnum, en eigi verður talið, að svo sé háttað um framkvæmdarstjóra hlutafélaga.

Samkvæmt þessu er eigi heldur unnt að taka þenna hluta hinnar umdeildu kröfu til greina sem forgangskröfu.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að málskostnaður skuli falla niður.

Því úrskurðast:

Finnur Jónsson á kröfu að upphæð kr. 5731.04 í þrotabú h/f Hávarðar.

Kröfu þessa ber að taka til greina í búið sem almenna kröfu, en eigi sem forgangskröfu.

Miðvikudaginn 20. desember 1944.

Nr. 32/1944. Skipaútgærd ríkisins (Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Theódór B. Líndal f. h. John Padley Grant-
ham vegna eigenda og skipshafnar b/v War
Grey H 14 og gagnsök (Theódór B. Líndal).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz þ. á. Krefst hann þess, að bjarglaun verði lækkuð til mikilla muna frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi, og að málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. apríl þ. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum bjarglaun kr. 125000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. júní 1943 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Loks krefst hann þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í e/s Súðinni til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 6%.